

## Mikilvægi lýsandi heysýna

„Bíll til sölu, uppl. í síma...“ er frekar einföld og lítt aðlaðandi bílaauglýsing. Hvað er hann mikið keyrður, er hann bensín eða dísel, hvað eru mörg sæti og er kominn tími á viðhald? Hvernig myndi álíka heyauglýsing eða leiðbeiningar frá bónda koma út? „Gef fyrri slátt eftir mjaltir og há um miðjan daginn“. Hvað fékk túnið mikinn áburð, eru þetta nýræktir, hvernig var þroski grasa við slátt, hvert er þurrkstigið og svo framvegis? Þegar kemur að fóðrun gripa á óefnagreindu heyi eru margir óvissuþættir, fyrir utan alla þá umhverfisþætti sem hafa áhrif á fóðurnýtingu (en það verður ekki fjallað um þá í þessum pistli). En hvað er það sem skiptir mestu máli þegar kemur að því að láta efnagreina hey og setja saman „matseðil“ fyrir framleiðslugripina okkar?

## Hey fyrir mjólkurkúr

Þau atriði sem skipta hvað mestu máli fyrir fóðuráætlanagerð fyrir kúr eru stóru næringarefnahóparnir orka og prótein.

Prótein-innihald í fyrri slætti höfum við séð á bilinu 10-25% af þurrefni og tréininnihald (NDF) um 30-60% af þurrefni (og er því aðal orkugjafi nautgripa). Sannarlega er hægt að skjóta á hlutföllin út frá lit og grófleika heysins, en verra er að geta sér til um meltanleika ólíkra næringarefna, steinefnainnihald og næringarefnahópa á borð við einföld kolvetni og fitu. Rétt notkun heyefnagreininga hjálpar okkur í þessu tilviki. Við fáum greinargóðar lýsingar á heyinu, næringarinnihaldi þess og hvað gæti vantað upp á fyrir framleiðslugripina, hvort heyið sé lystugt eða hreinlega hættulegt fyrir gripi vegna t.d. steinefnahlutfalls, uppsöfnunar nitrats oþh.

Betra er að taka fleiri sýni en færri fyrir mjólkurkúrarnar. Mestu skiptir að taka sýni úr heyjum sem mikið magn er til af. Mögulega má í einhverjum tilvikum slá saman í samsýni af mismunandi spildum sem eru slegin á sama tíma, við sama þroska og álíka ræktun. Mismunandi þurrefnisinnihald hefur þó áhrif á verkun, AAT-innihald og lystugleika og því ætti ekki að blanda saman svipuðum heyjum nema þau hafi einnig svipað þurrefnisinnihald einnig.

Alltaf ætti að taka sýni af heyi fyrir geldkúr.

## Hey fyrir geldneyti

Fyrir geldneytin gildir að taka heysýni sem ákvarðar heildar próteininnihald, tréininnihald og steinefnainnihald. Þannig fæst ágætis mælikvarði á hversu vel fóðrið nýtist yngri gripum og hvort steinefnainnihaldið sé nægilegt fyrir gripi í vexti. Með þessu er hægt að fá betri yfirsýn yfir hve mikið kjarnfóður borgi sig að gefa hverjum aldursflokki fyrir sig ætli menn að hámarka vaxtarhraða.

## Samsetning fóðurs og heysýnataka

Heyskapur hefur almennt gengið vel hjá þeim bændum sem undirrituð hefur heyrt í. Uppskeran er víða gríðarlega mikil en eftir á að koma í ljós hver gæðin eru. Gott er að taka sem fyrst heysýni úr verkuðu fóðri til að fá yfirsýn yfir heyforðann og raða saman fóðrinu fyrir veturinn svo fóðrunin verði einsleit eða í takt við framleiðslu- og burðartoppa. Gróffóður þarf að verkast í 4-6 vikur áður en heysýni er tekið til greiningar og mikilvægt er að líma vel að nýju fyrir öll göt sem búin eru til á plast á



Mynd 1: Baldur borar

rúllum og stæðum. Stærð heysýna skal vera um það bil einn handbolti fyrir hvert sýni, tilgangslaust er að senda fulla ruslapoka til greiningar. Gott er að lofttæma heysýnapoka og merkja þá vel og koma þeim í frysti sem fyrst til að sem mest verði að marka sýnið miðað við hvernig það svo reynist þegar kemur að gjöfum.

RML býður upp á heysýnatöku eins og fyrri ár og eru ráðunautar um allt land að leggja af stað í heysýnatöku. Hægt er að panta heysýnatöku og fóðurráðgjöf á heimasíðu RML með sér hnappi á forsíðunni. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi heysýnatöku, fóðurráðgjöf eða aðra þætti sem varða fóður og fóðrun er hægt að snúa sér til fóðurhóps RML.

Jóna Þórunn Ragnarsdóttir  
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
jona@rml.is